

Ed.

387. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgangsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgangsdans, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkvæmt 9. gr. II., III. og IV. 100% hærrí styrkur en sú grein ákveður.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærrí styrkur en sú grein ákveður.
- c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
- d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Nú greiðist verðlagsuppbót á styrkinn samkv. 9. gr. vegna aukins kostnaðar við framkvæmd verkanna, og telst sú uppbót þá ekki með sem styrkur veittur býli samkvæmt a—d-lið þessarar greinar.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

Ekki nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra húa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neytlumjól til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

2. Við 5. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.